

Fundargerð þingflokks Pírata 27.6.2017

Fundinn sátu: Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Eva Pandora Baldursdóttir, Halldóra Mogensen (til kl. 14), Jón Þór Ólafsson, Eiríkur Rafn Rafnsson, Erla Hlynsdóttir, Mörður Ingólfsson (frá kl. 14 til 15) og Baldur Karl Magnússon sem ritaði fundargerð.

Nr. 37/2017

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerða (sjá fylgiskjöl) (EB)

Fundargerð 24. maí 2017

Fundargerð 26. maí 2017

Fundargerð 27. maí 2017

Fundargerð 29. maí 2017

Fundargerð 6. júní 2017

Fundargerð 12. júní 2017

Allar fundargerðir samþykktar.

2. Vinnuhópur um starfsreglur

Rætt samhliða lið 6.

3. Skipulagning haustfundar þingflokks

Stefnt er að því að halda lengri fund í lok ágúst eða byrjun september. Eiríkur Rafn mun finna hentugan tíma og hentugan fundarstað.

4. Verkefni og skipulag starfsmanna í sumar

Kynning á skipulagi þeirrar vinnu sem starfsmenn þingflokks munu sinna í sumar. Samþykkt var að setja á fót undirnefnd þingmanna um strategískar hugmyndir fyrir veturinn. Jón Þór ábyrgðarmaður, aðrir meðlimir Eva Pandora, Birgitta og Halldóra. Nefndin hefur störf sem fyrst.

5. Fjármál þingflokks

Kynning á fjárhagsstöðu þingflokks og rekstraráætlun ársins. Samþykkt að kaupa þjónustu við uppsetningu bókhalds.

6. Upplýsingaskylda þingflokks við grasrót

Tillaga um þingflokksamykt um upplýsingaskyldu þingflokks Pírata lögð fyrir fundinn. Tillögur ræddar, en ákvörðun frestað til næsta fundar þingflokks.

7. Nefnd um framtíðarfyrirkomulag gjaldtöku fyrir afnot af fiskveiðiauðlindinni

Kynning frá Merði Ingólfssyni á störfum nefndarinnar.

8. Önnur mál

-Samstarf á Evrópuráðsþinginu

Rætt um mögulegt samstarf við aðra flokka á Evrópuráðsþinginu. Þórhildur Sunna leiðir þá vinnu.